

Listamenn

■ Margir með tugmilljóna tekjur af heiðurslaunum í gegnum árin ■ 75 milljónir árið 2014

Adalsteinn Kjartansson
adalsteinn@dv.is



Heiðurslaun listamanna hafa verið greidd á fjárlögum allt frá árinu 1967. Launin voru upphaflega nátengd starfslaunum listamanna sem veitt voru fyrst sama ár en síðan hefur verið gerður meiri greinarmunur á milli launanna. Heiðurslaunin eru ákveðin af þingmönnum sjálfum sem veita fé til greiðslu þeirra á fjárlögum árlega samkvæmt tillögu menntamálanefndar þingsins. Í raun er veiting þeirra því póli-

tísk ákvörðun hverju sinni.

Margir af þekktustu listamönnum þjóðarinnar eru meðal þeirra sem hafa hlotið heiðurslaun listamanna síðustu áratuginu en auk þess eru minna þekktir listamenn sem þekktari eru fyrir önnur störf sín. Sjötíu og einn listamaður hefur fengið greidd heiðurslaun frá því að launin voru fyrst greidd. Heiðurslaunaþegar koma úr hinum ýmsu áttum listalífsins en meðal þeirra sem hafa fengið greidd listamanna-laun eru nóbelsverðlaunaskáldið Halldór Laxness, Erró myndlistarmaður og Þráinn Bertelsson rithöf-

undur og kvikmyndagerðarmaður.

Mikið breytt

Frá því að launin voru fyrst veitt til dagsins í dag hefur fjöldi þeirra sem fá greidd laun og upphæð þeirra breyst mikið. Í upphafi voru fimm launaþegar en á næsta ári er gert ráð fyrir að þeir verði 24. Séu launin uppreiknuð með tilliti til verðlagsþróunar má sjá hvernig þau hafa hækkað úr 900 þúsundum króna á ári í 3,8 milljónir.

Á þessum sama tíma hefur lögum um launin verið breytt tvívegis; árin 1991 og 2012. Í lögnum

sem nú eru í gildi um heiðurslaun listamanna er sett hámark á fjölda þeirra sem geta notið slíkra launa á hverju ári. Það hámark er tuttugu og fimm. Rými er til að bæta við einum heiðurslaunaþega samkvæmt tillögu fyrir næsta ár.

Gagnrýnt reglulega

Heiðurslaun listamanna hafa reglulega verið gagnrýnd. Þau hafa oft verið nefnd í sömu andrá og listamannalaun, en eins og lögin eru í dag eru þetta óskildir hlutir sem afgreiddir eru með ólíkum hætti. Listamannalaunin, eða

starfslaun listamanna, eru greidd árlega úr sérstökum launasjóðum en ekki beint af fjárlögum og eiga að nýtast í fyrirframgreind verkefni en ekki vegna verkefna sem er lokið, líkt og með heiðurslaunin.

Heildarupphæðin sem íslenska ríkið hefur greitt í listamanna-laun nemur frá upphafi rúmum 1,7 milljörðum króna að núvirði. Upplýsingarnar eru fengnar úr fjárlögum síðan 1967 og framreiknaðar miðað við gögn frá Hagstofu Íslands. Á næsta ári er gert ráð fyrir að útgjöldin nemi tæpum 74,9 milljónum króna. ■

Heiðurslaunaþegar



1-3 Hannes Pétursson

31 ár á launum 71.674.930 kr.

Ljóðskáldið Hannes hefur sent frá sér fjölda ljóðabóka og annarra verka frá miðri síðustu öld. Síðasta bókinn kom út árið 2006. Hann fékk fyrst greidd heiðurslaun árið 1984 og hefur fengið greitt allar götur síðan á fjárlögum.



1-3 Jón Nordal

31 ár á launum 71.674.930 kr.

Jón er tónskáld og pianóleikari. Hann útskrifaðist sem pianóleikari árið 1948 og hélt þá út í lönd. Hann var þó löngu áður byrjaður að vekja athygli sem tónlistarmaður. Hann fékk fyrst greidd heiðurslaun árið 1984 og hefur fengið greitt allar götur síðan á fjárlögum.



1-3 Matthías Johannessen

31 ár á launum 71.674.930 kr.

Matthías er ljóðskáld og rithöfundur en er þó líklega þekktari sem fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins. Því starfi gegndi hann í meira en fjóra áratugi. Hann fékk fyrst greidd heiðurslaun árið 1984 og hefur fengið greitt allar götur síðan á fjárlögum.



4 Jórunn Viðar

26 ár á launum 63.251.261 kr.

Mörg sönglög, kammerverk og þjóðlagagúfsetningar liggja eftir tónskáldi Jórinni Viðar. Hún hélt til tónlistarnáms í Þýskalandi árið 1937 en þurfti að fara þaðan í upphafi heimsstyrjaldarinnar síðari. Eftir það fór hún til New York og stundaði nám við Juilliard.



5 Kristján Davíðsson

25 ár á launum 60.266.261 kr.

Kristján var hvað þekktastur fyrir kraftmiklir abstraktmyndir af íslenskrí náttúru. Hann hlaut margoft verðlaun og viðurkenningar fyrir listsköpun sína en árið 2001 var hann útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur. Hann lést fyrr á árinu.



6 Atli Heimir Sveinsson

24 ár á launum 58.875.444 kr.


Tónskáldið Atli Heimir fékk tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 1976 en hann er í hópi kunnustu tónskálda Íslands. Hann fæddist í Reykjavík þar sem hann hóf tónlistarnám sem hann hélt svo áfram erlendis. Atli hefur samið fjölda tónverka og tónlist fyrir leikhús.



7 Halldór Laxness

32 ár á launum 50.694.863 kr.

Nóbelsverðlaunaskáldið Halldór er líklega þekktasti rithöfundur Íslendinga fyrr og síðar. Eftir hann liggur fjöldi skáldverka, leikrit, ljóð, ferðasögur og greinar. Halldór er sá Íslendingur sem hefur hlotið heiðurslaun í lengstan tíma en hann fékk þau fyrst árið 1967.



8 Ásgerður Búadóttir

20 ár á launum 50.123.569 kr.

Ásgerður er einn fremsti veflistamaður Íslendinga á síðustu öld. Verk hennar er að finna víða um heim, meðal annars í Röðhska-listiðnaðarsafninu í Gautaborg, Norrænu menningarmálastofnuninni í Kaupmannahöfn og Textile Arts Foundation í Main í Bandaríkjunum.

Á fjárlögum

■ Sjötíu íslenskir listamenn hafa fengið heiðurslaun frá upphafi




9 Thor Vilhjálmsson
20 ár á launum 48.997.952 kr.
Thor var íslenskur rithöfundur, ljóðskáld og þýðandi. Hann hlaut fjölda viðurkenninga, meðal annars bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1988. Fyrsta bók Thors, Maðurinn er alltaf einn, kom út árið 1950. Síðan skrifaði hann fjölda bóka, skáldsögur, ljóð, leikrit og greinasöfn.



12 Þráinn Bertelsson
14 ár á launum 36.824.284 kr.
Kvikmyndagerðarmaðurinn og rithöfundurinn Þráinn hefur fengið heiðurslaun síðan árið 2001. Hann hefur gert fjölda kvikmynda, meðal annarra Magnús og Líf-myndirnar um Þá Þór og Daniel. Þráinn settist á þing á síðasta kjörtímabili en hann lét af þingstörfum í vor.




13–15 Gunnar Eyjólfsson
14 ár á launum 36.140.284 kr.
Gunnar er einn af ástsælustu leikurum þjóðarinnar. Hann var heiðraður fyrir ævistarf sitt í þágu sviðslista á Íslandi á Grímuverðlaununum í sumar. Hann þreytti frumraun sína á leiksviði árið 1945. Gunnar hefur fengið greidd heiðurslaun síðan árið 2001.



10 Indriði G. Þorsteinsson
26 ár á launum 45.111.840 kr.
Rithöfundurinn Indriði var þekktastur fyrir skáldsögur sínar 79 af stöðinni og Land og synir sem báðar hafa verið kvikmyndaðar og bækurnar Þjófur í paradís og Nordan við stríð. Indriði fékk fyrst greidd heiðurslaun á fjárlögum 1975.



13–15 Erró
14 ár á launum 36.140.284 kr.
Myndlistarmaðurinn Erró starfar í anda póstmódernisma en hann er einn þekktasti samtímalistamaður Íslendinga. Hann hefur starfað í Parísarborg síðustu áratugi en hann byggir verk sín á tilvísunum í myndir annarra sem hann klippir saman.



11 Árni Kristjánsson
17 ár á launum 40.187.899 kr.
Tónlistarmaðurinn Árni hefur ekki síður vakið athygli fyrir bókaskrif sín um klassíska tónlist og fyrir tónlistina sjálfa. Hann starfaði um árabíl sem tónlistarstjóri Ríkisútvarpsins en hann var um tíma kennari og skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík.



13–15 Guðbergur Bergsson
14 ár á launum 36.140.284 kr.
Rithöfundurinn Guðbergur hefur sent frá sér fjölda skáldverka sem hafa verið þýdd á mörg tungumál og gefin út erlendis. Guðbergur hefur verið starfandi síðustu áratugi en hann gaf síðast út bók árið 2012. Hann er heiðursborgari Grindavíkur þar sem hann ólst upp.



Á launum út ævina

Ákvörðun um hverjir fá listamannalaun er í höndum Alþingis. Nefndarmenn í allsherjar- og menntamálanefnd leita hins vegar ráða hjá þriggja manna nefnd sem forseti þingsins skipar. Einn nefndarmanna er tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra, einn af Bandalagi íslenskra listamanna og einn af samstarfsnefnd háskólastigsins. Við afgreiðslu fjárlaga hvers árs er lögð fram breytingartillaga þar sem þeir listamenn sem hljóta heiðurslaun eru tilgreindir sérstaklega og hversu háa upphæð þeir fá greidda það árið. Síðustu ár hefur það verið svo að enginn nýr bætist við á listann nema annar detti út. Þeir sem fá heiðurslaun njóta fullra launa til sjúktugs en þau nema sömu upphæð og starfslaun listamanna eru hverju sinni. Eftir sjötugt fá þeir 80 prósent upphæðarinnar.



Heiðurslaun annarra listamanna

16.–17. Þorsteinn frá Hamri	14 ár á launum 36.140.284 kr.
16.–17. Þuríður Pálsdóttir	14 ár á launum 36.140.284 kr.
18.–19. Herdís Þorvaldsdóttir	13 ár á launum 33.155.284 kr.
18.–19. Róbert Arnfinnsson	13 ár á launum 33.155.284 kr.
20. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	13 ár á launum 31.801.141 kr.
21. Finnur Jónsson	21 ár á launum 31.652.369 kr.
22. Jón úr Vör	14 ár á launum 31.121.918 kr.
23. María Markan	18 ár á launum 30.128.235 kr.
24.–25. Megas	11 ár á launum 28.568.378 kr.
24.–25. Vigdís Grímsdóttir	11 ár á launum 28.568.378 kr.
26.–27. Jóhann Hjálmarsson	11 ár á launum 27.074.303 kr.
26.–27. Vilborg Dagbjartsdóttir	11 ár á launum 27.074.303 kr.
28. Fríða Á. Sigurðardóttir	10 ár á launum 26.686.290 kr.
29. Jónas Ingimundarson	10 ár á launum 25.235.531 kr.
30.–32. Jón Sigurbjörnsson	10 ár á launum 24.176.456 kr.
30.–32. Kristbjörg Kjeld	10 ár á launum 24.176.456 kr.
30.–32. Þorbjörg Höskuldsdóttir	10 ár á launum 24.176.456 kr.
33. Jón Þórarinnsson	10 ár á launum 24.062.761 kr.
34. Stefán Íslandi	13 ár á launum 23.936.017 kr.
35. Guðmundur Danielsson	16 ár á launum 22.376.680 kr.
36. Guðmundur G. Hagalín	18 ár á launum 21.583.075 kr.
37. Valur Gíslason	15 ár á launum 21.092.975 kr.
38. Tómas Guðmundsson	17 ár á launum 20.199.197 kr.
39. Stefán Hörður Grímsson	8 ár á launum 20.081.440 kr.
40.–41. Guðmunda Elíasdóttir	8 ár á launum 18.718.432 kr.
40.–41. Magnús Pálsson	8 ár á launum 18.718.432 kr.
42. Ásmundur Sveinsson	14 ár á launum 16.156.296 kr.
43. Sigfús Halldórsson	7 ár á launum 15.411.485 kr.
44. Jóhann Briem	8 ár á launum 15.029.024 kr.
45. Snorri Hjartarson	12 ár á launum 14.528.355 kr.
46. Jakobína Sigurðardóttir	6 ár á launum 13.127.692 kr.
47. Edda Heiðrún Backman	5 ár á launum 12.816.622 kr.
48. Kristmann Guðmundsson	11 ár á launum 12.254.359 kr.
49. Gunnar Gunnarsson	9 ár á launum 11.905.708 kr.
50. Kristinn Hallsson	4 ár á launum 10.854.296 kr.
51.–52. Ólafur Jóhann Sigurðsson	7 ár á launum 10.808.325 kr.
51.–52. Svavar Guðnason	7 ár á launum 10.808.325 kr.
53. Páll Ísólfsson	8 ár á launum 10.622.003 kr.
54. Þorvaldur Skúlason	10 ár á launum 10.605.577 kr.
55. Ríkarður Jónsson	8 ár á launum 10.064.035 kr.
56. Þórbergur Þórðarson	7 ár á launum 9.306.288 kr.
57. Brynjólfur Jóhannesson	7 ár á launum 9.274.278 kr.
58. Rúrik Haraldsson	3 ár á launum 9.065.981 kr.
59. Jóhannes S. Kjarval	6 ár á launum 7.944.838 kr.
60. Sigurður A. Magnússon	3 ár á launum 7.647.954 kr.
61. Þorsteinn Ö. Stephensen	3 ár á launum 6.605.355 kr.
62. Svava Jakobsdóttir	2 ár á launum 5.865.673 kr.
63. Jóhannes úr Kötlum	4 ár á launum 5.313.408 kr.
64. Jón Helgason	3 ár á launum 4.412.728 kr.
65. Sigríður Hagalín	2 ár á launum 4.368.986 kr.
66. Helgi Skúlason	2 ár á launum 4.323.689 kr.
67. Rögnvaldur Sigurjónsson	1 ár á launum 2.897.847 kr.
68. Guðmundur Böðvarsson	2 ár á launum 2.677.165 kr.
69. Guðmundur Jónsson	1 ár á launum 2.498.425 kr.
70. Sigurjón Ólafsson	1 ár á launum 1.411.471 kr.

Heimild: Fjárlög ríkisins
Allar tölur eru framreiknaðar miðað við nóvember 2013 nema tölur fyrir 2014.